

Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
Við 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands			
a. 1.01 Yfirstjórn	6,9	8,0	14,9
b. 1.02 Setur í Reykjavík	188,2	23,3	211,5
c. 1.03 Setur á Akureyri	37,5	10,0	47,5
d. Sértekjur	-78,7	-41,3	-120,0

Greinargerð.

Lögð er til breyting á framsetningu fjárlagaramma Náttúrufræðistofnunar Íslands sem ekki hefur í för með sér breytingar á framlögum úr ríkissjóði. Breytingin felur í sér tilfærslur milli liða þannig að sértekjur seturs stofnunarinnar í Reykjavík hækka um 31,3 m.kr. og verða 102,8 m.kr. Á móti hækkar launaliður um 21,3 m.kr. og önnur gjöld um 10,0 m.kr.

Þá er lagt til að sértekjur seturs á Akureyri hækki um 10,0 m.kr. og verði 17,2 m.kr. Á móti hækkar launaliður Akureyrarseturs um 6,0 m.kr. og önnur gjöld um 4,0 m.kr.

Loks eru millifærðar 4,5 m.kr. af launalið Reykjavíkursorseturs á launalið yfirstjórnar og 3,5 m.kr. af liðnum önnur gjöld Reykjavíkursorseturs á liðinn önnur gjöld hjá yfirstjórn.